

Ljós bifreiðarinnar, sem kom austan Hringbrautina, hafi blindað kærðan, átti árekstur þessi ekki að þurfa að koma fyrir, ef kærður hefði sýnt þá gætni, sem krefjast verður af bifreiðarstjórum. Hefði honum borið að nema staðar í stað þess að aka áfram blindaður af ljósunum.

Samkvæmt því, sem að framan segir, hefur kærður brotið 21. sbr. 39. gr. áfengislaganna, 23. gr. 1. mgr. og 27. gr. 1. mgr. sbr. 38. gr. bifreiðalaganna og 46. sbr. 96. gr. lögreglusamþykktar Reykjavíkur. Þykir refsing hans hæfilega ákveðin 10 daga varðhald. Samkvæmt 21. gr. áfengislaganna og 39. gr. bifreiðalaganna ber að svipta kærðan bifreiðastjóraréttindum í 3 mánuði.

Kærðan ber að dæma til greiðslu alls sakarkostnaðar, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, hrl. Guðmundar Í. Guðmundssonar, kr. 200.00.

Alllangur dráttur hefur orðið á því, að verjandi kærðs skilaði vörn í málinu, en fyrir drættinum telst hann hafa gert nægilega grein. Hefur rekstur málsins því verið vítalaus.

Því dæmist rétt vera:

Kærður, Andrés Magnús Andrússon, sæti varðhaldi í 10 daga. Kærður er sviptur bifreiðarstjóraréttindum í 3 mánuði frá birtingu dóms þessa. Kærður greiði allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Guðmundar Í. Guðmundssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 200.00.

Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.

Þriðjudaginn 20. júní 1944.

Nr. 20/1944. **Ragnar Bjarnason** (Stefán Jóh. Stefánsson)
gegn

Halldóri Einarssyni (Enginn).

Skaðabótamál vegna rofa á vinnusamningi.

Dómur hæstaréttar.

Jónas Thoroddsen bæjarfógeti hefur kveðið upp héraðs-dóminn.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til hæstaréttar með stefnu 21. febr. þ. á. Krefst hann þess að verða sýknaður af málskostnaðarkröfu stefnda í máli þessu. Svo krefst hann og málskostnaðar úr hendi stefnda bæði í héraði og fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Stefndi hefur ekki komið fyrir hæstarétt og enginn af hans hendi, og hefur honum þó verið löglega stefnt. Málið hefur því verið flutt skriflega samkvæmt 1. tölulið 38. gr. hæstaréttarlaga nr. 112/1935 og er dæmt samkvæmt framlögðum skilríkjum.

Eftir atvikum þykir málskostnaður í héraði eiga að falla niður.

Áfrýjandi hafði heimild til að kæra málskostnaðarákvæði héraðsdóms samkvæmt 186. gr. laga nr. 85/1936. Ber honum því ekki meiri málskostnaður úr hendi stefnda fyrir hæstarétti en orðið hefði í kærumáli, og þykir hann hæfilega ákveðinn 250 krónur.

Því dæmist rétt vera:

Áfrýjandi, Ragnar Bjarnason, á að vera sýkn af málskostnaðarkröfu þeirri, er stefndi, Halldór Einarsson, gerði á hendur honum í héraði.

Stefndi greiði áfrýjanda kr. 250.00 í málskostnað fyrir hæstarétti.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur aukabæjarþings Neskaupstaðar 2. des. 1943.

Mál þetta er höfðað með stefnu, útgefinni 12. ágúst 1943, fyrir auka-bæjarþingi Neskaupstaðar af Halldóri Einarssyni formanni í Neskaupstað gegn Ragnari Bjarnasyni útgerðarmanni í Neskaupstað til greiðslu skaðabóta fyrir samningsrof, að upphæð kr. 2500.00, auk 5% ársvaxta frá sáttakærudegi 7. ágúst s. l. til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu. Hefur málið verið rekið skriflega og var tekið til dóms 4. nóv. s. l.

Málavextir eru þeir, að í aprilmánuði s. l. réð stefnandi sig sem formann á v/b „Valurinn“ NK 82, en eigandi bátsins er stefndur í máli þessu. Ráðningartíminn var samkvæmt framburði beggja málsaðilja allt sumarið, eða venjulegur úthaldstími báta af svipaðri stærð og „Valurinn“ er. Engir skriflegir samningar voru þó gerðir um ráðninguna. Miðvikudaginn 28. júlí s. l. ætlar svo stefnandi að láta beita á bátinn og segir stefndum það, en hásetinn á bátnum, Þorsteinn Jónsson, tilkynnir þá stefnanda, að hann sé hættur og muni ekki róa á bátnum. Verður því ekkert úr hinum

fyrirhugaða róðri, en stefndur segir við stefnanda, þegar hann heyrir tíðindi þessi, að sennilega sé ekki annað fyrir sig að gera en hætta úthaldinu, því annan mann muni ekki vera hægt að fá. Næsta laugardag á eftir fer báturinn í róður með Þorstein Jónsson sem formann, en stefnandi var, eins og áður greinir, ráðinn formaður á bátinn sumarlangt.

Af hálfu stefnanda er því haldið fram, að stefndur hafi flæmt hann af bátnum „Valurinn“ NK 82, með því að biðja annan mann, Þorstein Jónsson, fyrrv. háseta sinn, um að vera formann á bátinum, og látið hann fara í róður 3 dögum eftir að stefndur hafi sagt sér, að hann væri hættur úthaldinu. Telur stefnandi, að stefndur hafi með þessu framferði sínu orðið skaðabótaskyldur vegna samningsrofs, þar eð hann hafi verið ráðinn formaður á bátinn allt sumarið, og byggir stefnandi skaðabótakröfu sína á þessum samningsrofum, sem hann telur stefndan hafa gert sig sekan um.

Stefndur heldur því hins vegar aðallega fram, að hann hafi verið nauðbeygður til þess að hætta úthaldi með bát sinn, þar eð Þorsteinn Jónsson hafi neitað að róa áfram með stefnanda í máli þessu sem formann, og annan mann hafi ekki verið hægt að fá. Segir stefndur, að stefnandi hafi tvisvar spurt sig, hvort hann mætti þá ráða sig annars staðar, og hafi stefndur samþykkt það, og því talið sig lausan allra mála frekar, hvað stefnanda viðkom. Stefndur heldur því enn fremur fram, að þegar sýnt hafi verið, að hann gæti ekki haldið úthaldinu áfram, þá hafi hann gert allt, sem hann gat til þess að selja bátinn, en án árangurs, og hafi hann þá beðið Þorstein Jónsson að koma formann til sín, þar eð sér hafi tekizt að fá háseta með honum og þar eð hann segist hafa talið sig vera lausan við allar skuldbindingar viðvikjandi stefnanda.

Loks heldur stefndur því fram, að stefnandi hafi ekki orðið fyrir neinum fjárhagslegum skaða við brottför sína af v/b „Valurinn“, þar eð hann hafi fengið aðra atvinnu, sem hann hafi haft meira upp úr.

Krefst stefndur því algerðrar sýknu af kröfum stefnanda, og að sér verði tildæmdur málskostnaður.

Stefnandi hefur mótmælt þessum framburði stefnds og heldur fast við áðurgerðar réttarkröfur, en segist þó viðurkenna, að hann muni ekki hafa orðið fyrir fjárhagslegum skaða vegna brottfarar sinnar af v/b „Valurinn“, en telur það ekki skipta máli, þar eð það hafi ekki verið vitað, þegar mál þetta var höfðað, svo og þar eð það sé mjög svo álitshnekkjandi að vera hrakinn sem formaður af bát, eins og hann telur að gert hafi verið gagnvart sér.

Rétturinn litur svo á, að brottför stefnanda af v/b „Valurinn“ hafi ekki valdið honum neinu álitstjóni, þar eð ekki er sannað, að stefndur, sem var útgerðarmaður hans, hafi átt þátt í því, heldur virðist sem neitun Þorsteins Jónssonar á því að róða hafi bein-

linis orsakað brottförina. Getur rétturinn því ekki fallið á þá kröfu stefnanda, að honum verði tildæmdar skaðabætur vegna álitshnekkis. Hvað skaðabótakröfunni að öðru leyti viðkemur, þá er það viðurkennt af stefnanda sjálfum eða umboðsmanni hans, að stefnandi hafi ekki orðið fyrir neinum fjárhagslegum skaða út af aðgerðum stefnds vegna brottfarar stefnanda af v/b „Valurinn“, og er því þegar af þeirri ástæðu ekki hægt að taka skaðabótakröfuna til greina.

Hins vegar verður rétturinn að lita svo á, að málssókn þessi eigi fullkomlega rétt á sér, þar eð stefnandi gat ekki vitað fyrirfram, hverjar tekjur sínar myndu verða og hvort hann myndi biða fjárhagslegt tjón vegna þess að vera ekki formaður á v/b „Valurinn“ allt sumarið, svo sem hann var ráðinn til. Þykir því rétt að taka málskostnaðarkröfu stefnanda til greina með kr. 300.00.

Því dæmist rétt vera:

Stefndur, Ragnar Bjarnason, útgerðarmaður hér í bæ, skal vera sýkn af skaðabótakröfu stefnanda, Halldórs Einarssonar, formanns hér í bæ, en greiða skal stefndur kr. 300.00 í málskostnað til stefnanda.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 21. júní 1944.

Nr. 125/1942. Kristján Guðmundsson (Magnús Thorlacius)
gegn

Sigurlaugu Kristjánsdóttur, Sigurði Björnsyni, Sigurbirni Björnssyni, Árna Björnsyni og Örlygi Björnssyni.

(Garðar Þorsteinsson).

Landamerksamál.

Dómur hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til hæstaréttar með stefnu 29. des. 1942 að fengnu áfrýjunarleyfi 17. s. m. Krefst hann þess, að því er tekur til formhliðar málsins, að dómur og málsmeðferð í héraði verði ómerkt og málinu vísað heim í hérað til löglegrar meðferðar og dómsálagningar af nýju. Svo krefst hann og málskostnaðar úr hendi stefndu í héraði og fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.